

Kynning á frambjóðanda til embættis forseta Skáksambands Íslands

Nýtt fólk – nýjar áherslur!

IA/IO Kristján Örn Elíasson

Kristján Örn Elíasson gefur kost á sér í embætti forseta Skáksambands Íslands (SÍ) á aðalfundi sambandsins sem haldinn verður í félagsheimilinu **Húnabyggð á Blönduósi laugardaginn 14. júní nk. kl. 13:00.**

Kristján Örn býðst til að **gegna embætti forseta launalaust**. Fjármunina sem sparast vill Kristján annars vegar nýta í **afrekssjóð** og hins vegar í **ungmennastarf**.

Réttindi/útnefningar innan skákhreyfingarinnar

- FIDE-skákdómari á 86. þingi FIDE 2015 sem haldið var í Abu Dhabi, Sameinuðu arabísku furstadæmunum.
- Alþjóðlegur skákdómari (IA) á 87. þingi FIDE 2016 sem haldið var í Baku, Aserbaídsjan.
- Alþjóðlegur mótshaldari /skipuleggjandi skákmóta (IO) á 89. þingi FIDE 2018 sem haldið var í Batumi.

Störf í skákhreyfingunni síðastliðna þrjá áratugi

- 1994-1996 - Meðstjórnandi í vara- og aðalstjórn Taflfélags Reykjavíkur
- 1998-2000 - Meðstofnandi og fyrsti varaforseti Skákfélags Grandrokk - síðar Hrókurinn
- 1999-2000 - Ritari í aðalstjórn Skáksambands Íslands – seta í skákmótanefnd
- 2000-2001 - Gjaldkeri í aðalstjórn Skáksambands Íslands – seta í skákmótanefnd
- 2003-2006 - Seta í framkvæmdanefnd Íslandsmóts skákfélaga
- 2002-2009 - Meðstjórnandi og gjaldkeri í aðalstjórn Taflfélags Reykjavíkur
- 2002-2009 - Liðsstjóri Taflfélags Reykjavíkur á Íslandsmótum skákfélaga
- 2009-2010 - Skákritari/vararitari í aðalstjórn Skáksambands Íslands
- 2009-2010 - Seta í skákmótanefnd og þjálfara- og landsliðsnefnd
- 2010-2011 - Skákritari/vararitari í aðalstjórn Skáksambands Íslands
- 2015-2018 - Varamaður í kjörbréfanefnd Skáksambands Íslands
- 2018-2022 - Formaður kjörbréfanefndar Skáksambands Íslands
- 2018-2022 - Seta í Fair-Play nefnd Alþjóðaskáksambandsins FIDE. Tilgangur nefndarinnar er m.a. að koma í veg fyrir og berjast gegn svindli í skák og óréttmætum ásökunum þar um. Auk þess að annast forvarnir er nefndin rannsóknar- og ákærunefnd. Siðanefnd FIDE (EC) hefur lokaorðið í hverju máli fyrir sig en siðanefndin er dómstóll Alþjóða skáksambandsins.
- 2019-2022 - Formaður skákdómaranefndar Skáksambands Íslands
- 2019/2021 - Kennari á tveimur skákdómaranámskeiðum til landsdómararéttinda (NA) í sal og einnig í gegnum fjarfundabúnað (Zoom).
- 2021 - Aðstoðarkennari á skákdómaranámskeiði í Uppsölum í Svíþjóð til réttinda alþjóðlegs skákdómara (FIDE/IA).

- Seta í mótanefnd Reykjavíkurskákómótsins í gegnum árin
- Ýmist skákstjóri, aðstoðar- eða yfirskákstjóri á öllum helstu föstu skákmótum sem haldin eru á Íslandi ár hvert. Má þar nefna Reykjavíkurskákómótið, Íslandsmót skákfélaga, Íslandsmót einstaklinga, ýmis hraðskákmót, atskákmót, kappskákmót og slembiskákmót, einstök mót eins og Ísey-skyr-skákhátíðin og svona mætti lengi telja.
- Skákstjóri á Evrópumóti landsliða 2015
- Skákstjóri á Ólympíumótinu í Baku, Aserbaídsjan 2016
- Skákstjóri á Ólympíumótinu í Batumi, Georgíu 2018
- Skákstjóri á heimsmeistaramótum í hraðskák og atskák í Moskvu, Rússlandi 2019
- Aðstoðaryfirskákstjóri á Evrópumóti einstaklinga í Reykjavík 2021
- Svæðisskákstjóri á Evrópumóti barna- og unglinga í gegnum fjarfundabúnað 2021
- Skákþjálfari hjá skákdeild KR frá 2023-2024

Störf í íþróttahreyfingunni

2017- - Í aðalstjórn borðtennisdeildar Víkings
 2018-2019 - Í varstjórn Borðtennissambands Íslands
 2019-2020 - Gjaldkeri í aðalstjórn Borðtennissambands Íslands
 2020- - Skoðunarmaður reikninga Borðtennissambands Íslands

Heiðursmerki

Sæmdur gullmerki borðtennisdeildar Víkings 2018
 Sæmdur silfurmerki Knattspyrnufélagsins Víkings 2022

Vikulegur skákþáttur á Útvarpi Sögu

Þátturinn „Við skákborðið“ er í beinni útsendingu á hverjum miðvikudegi kl. 14:00 og er klukkustundar langur. Þættirnir eru endurfluttir margsinnis hjá útvarpsstöðinni og hafa notið mikilla vinsælda. Fyrsti þátturinn fór í loftið 18. janúar 2023 og eru þættirnir orðnir 116 að tölu þegar þetta er ritað. Alla þættina má nálgast á vefsíðu Útvarps Sögu og á Spotify.com.

Spotify.com: <https://open.spotify.com/show/0B92l2evVtjACsxnITYfrl>
 Útvarp Saga: <https://utvarpsaga.is/vid-skakbordid/>



Framtíðarsýn og helstu stefnumál

Forseti Skáksambands Íslands mótar ekki einn stefnuna eða tekur mikilvægar ákvarðanir í málefnum sambandsins – það gera forseti og stjórn Skáksambandsins sem kosin er á aðalfundi sambandsins ár hvert í samræmi við lögbundið hlutverk sambandsins.

Embætti forseta Skáksambandsins er leiðin til að hafa áhrif, ekki aðeins á umræðuna heldur stóru málin. Í samtölum mínum við forystufólk aðildarfélaganna og grasrótina í íslensku skákhreyfingunni hefur komið í ljós að stór hluti skákhreyfingarinnar vill breytingar.

Mikill uppgangur skákíþróttarinnar út um allan heim undanfarin nokkur ár hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli. Við eigum að nýta okkur þennan meðbyr og svífa seglum þöndum inn í framtíðina.

Hver er framtíðarsýn okkar? Hver eru markmiðin og hvaða leiðir ætlum við að fara til að ná þessum markmiðum?

Við þurfum að bregðast hratt við og svara þessum spurningum. Hreyfingin þarf að setja sér skýr, mælanleg, tímasett og raunhæf markmið. Við þurfum að fara í stefnumótun.

Stefnumál

1. Laun forseta: Lögum Skáksambandsins var breytt á aðalfundi sambandsins 29. maí 2021. Þar er að finna heimild til að forseti geti verið í föstu launuðu starfi fyrir sambandið. Sé forseti ekki í föstu starfi eða í minna en 20% starfshlutfalli er stjórninni skylt að ráða framkvæmdastjóra. Þar sem núverandi forseti er einnig framkvæmdastjóri sambandsins, í föstu launuðu starfi (100% starfshlutfall), tel ég ekki ástæðu til, við þessar aðstæður, að þiggja laun sem forseti nái ég kjöri.
2. Verði starfsmaður eða framkvæmdastjóri sambandsins óstarfhæfur ber stjórninni skylda til að ráða nýjan framkvæmdastjóra eða forseta að gegna störfum hjá sambandinu í a.m.k. 20% starfshlutfalli. Það er meginregla hjá öðrum íþróttasamböndum að aðgreining sé á milli forseta og stjórnar annars vegar og framkvæmdastjóra hins vegar. Framkvæmdastjóri er starfsmaður ráðinn af stjórn. Hann á að sjá um daglegan rekstur sambandsins og hafa fasta viðveru á skrifstofu. Stjórnin felur svo framkvæmdastóra þau störf og verkefni sem hún hefur ákveðið að unnin séu. Stjórnin, mótar stefnu sambandsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir. Nýlega var lögum Körfuknattleikssambandsins breytt á þann veg að framkvæmdastjóri sambandsins má ekki sitja í stjórn sambandsins. Í framhaldinu sagði forseti sambandsins af sér, varaforsetinn tók við og gegnir forsetinn nú aðeins stöðu framkvæmdastjóra.
3. Skáksambandið þarf að leggja gríðarlega mikla áherslu á barna- og unglingastarf. Það er þar sem endurnýjunin verður. Skáksambandið þarf að styðja vel við bakið á skákfélögunum, bæði fjárhagslega og félagslega. Skákmennirnir verð til í starfi félaganna en ekki hjá Skáksambandinu sjálfu. Við þurfum að fjölga afreksfólki í skák og ekki aðeins afreksfólki heldur skákmönnum almennt. Við þurfum að stofna öflugan afrekssjóð sem getur stutt myndarlega við bakið á okkar duglega, efnilega og

áhugasama unga fólki, að það hafi tækifæri til að gera það sem því þykir skemmtilegast – að tefla og að ná árangri.


4. Landsbyggðarmál: Við verðum að taka okkur verulega á í landsbyggðarmálum. Ég hef mikinn metnað á að hjálpa til við að efla skákstarfið hjá skákfélögunum og koma því líka inn í skólana úti á landi – að breiða út fagnaðarerindið! Í staflidum b) og c) í 2. gr. laga Skáksambands Íslands segir að hlutverk SÍ sé b) að vinna að eflingu skákarinnar í landinu og standa vörð um hagsmuni íslenskra skákmanna og c) að efla og treysta samskipti sambandsfélaganna innbyrðis. Við getum rækt þessa skyldu betur en við höfum gert.
5. Lækka verulega þáttökugjöld á Íslandsmóti skákfélaga en þau eru íþyngjandi fyrir mörg félög. Þáttökugjöldin eiga ekki að vera tekjuöflunarleið fyrir Skáksambandið. Það eru félögin sem þurfa fjárhagslegan og félagslegan stuðning við rekstur sinn en ekki Skáksambandið – það er á fjárlögum ríkisins og hefur aðrar tekjuöflunarleiðir. Skáksambandið á ekki að vera í beinni samkeppni við aðildarfélögin um aðstoð og styrki. Það ætti frekar að styðja við bakið á félögum á starfssvæðum þeirra til að ná markmiðum sínum.
6. Það er ekki einn maður sem er að fara að gera eitthvert kraftaverk – heldur verða margir með sameiginlega sýn að leggjast á eitt. Áhersla þarf að vera á að allir sem vilja starfa fyrir og í skákhreyfingunni geti komið að borðinu, þ.e. það þarf að virkja betur nefndir sambandsins.

Mörg önnur áriðandi og mikilvæg mál eru á stefnuskrá minni. Það verður á borði næstu stjórnar að móta stefnu sambandsins og ákveða verkefni þess.

Með von um góðar og jákvæðar undirtektir við stefnumál mín og stuðning við framboð mitt til embættis forseta Skáksambands Íslands.

Við erum ein fjölskylda

GENS UNA SUMUS


IA/IO Kristján Örn Elíasson